

Mál nr. 482/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nöfn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Slysátrygging sjómanna.

Nafn vátryggingartaka (X)

Tilkynningarfrestur. Matsfrestur.

Gögn.

- Málskot móttakið 16. desember 2024 ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V dags. 23. janúar 2025 ásamt fylgiskjölum.
- Viðbótarathugasemdir M dags. 15. febrúar 2025.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins, þ.á.m. skipsdagbók og sjúkragögnum, varð M fyrir slysi hinn 28. maí 2021 er hann var við störf á skipi sem X gerir út. Lögmaður M tilkynnti V um slysið hinn 13. maí 2024 og krafðist þá jafnframt bóta úr slysátryggingu sjómanna. Er sú krafa einnig sett fram fyrir nefndinni.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að V telji að eins árs tilkynningarfrestur 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 hafi verið liðinn er V barst tilkynning um slysið, um þremur árum eftir að það átti sér stað. Er þá vísað til 3. gr. skilmála áhafnatryggingar X hjá V en þar segi að örorkumat skuli fara fram innan þriggja ára frá slysdegi og ljóst sé að M hafi ekki gengist undir örorkumat innan þess tímafrests.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram M hafi fengið þær upplýsingar frá X að slysið hafi verið tilkynnt til V fljótlega eftir að það átti sér stað. Telji M að hann eigi í öllu falli kröfu á X vegna afleiðinga slyssins og er um það vísað til 172. gr. siglingalaga 34/1985 og þess kjarasamnings sem við átti um vinnuréttarsamband M og X.

Álit.

Í 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga segir að sá sem eigi rétt til bóta, þ.e. í þessu tilviki M, samkvæmt slysátryggingu, sjúkratryggingu eða heilsutryggingu glati þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur innan árs frá því hann fékk vitneskju um þau atvik sem krafan er reist á. M varð fyrir umræddu slysi hinn 28. maí 2021. Hann leitaði til læknis 1. júní 2021 og kom þá í ljós brot á fjærkjúku vísifingurs. Fékk M vottorð um óvinnufærni til 22. júní 2021. Engin frekari sjúkragögn liggja fyrir, svo sem er varðar gróanda brotsins né hvort það hafi leitt til varanlegs líkamstjóns. Upplýsingar um það tjón sem M telur sig hafa orðið fyrir vegna slyssins eru því af nokkuð skornum skammti.

Á grundvelli þeirra gagna sem fyrir nefndinni liggja verður því að telja að M hafi mátt gera sér grein fyrir þeim atvikum sem bótakrafa hans yrði reist nokkuð fljótlega eftir umrætt slys, þ.e. í kjölfar þess að spælka sem sett var á fingurinn var fjarlægð. Verður því að miða upphaf tilkynningarfrests 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga við það tímamark.

Engin gögn liggja þá fyrir er sýni fram á að V hafi borist tilkynning frá X innan tilskilins frests.

Samkvæmt framansögðu var tilkynningarfrestur skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga því liðinn þegar tjónstilkynning barst V hinn 13. maí 2024 og verður kröfu M hafnað þegar af þeirri ástæðu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns úr slysátryggingu sjómanna X hjá V.

Reykjavík, 18. mars 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir